

**Sp.**

**575. Tillaga til þingsályktunar**

[362. mál]

um aðstoð við íslensk fyrirtæki til að tileinka sér alþjóðlega tækni í rekstri, framleiðslu og viðskiptum.

Flm.: Davíð Aðalsteinsson, Ragnar Arnalds, Kjartan Jóhannsson,  
Guðmundur Einarsson, Guðrún Agnarsdóttir.

Alþingi ályktar að fela ríkisstjórninni að stofna til aðgerða sem hafi það markmið að aðstoða íslensk fyrirtæki við að tileinka sér alþjóðlega tækni í rekstri, framleiðslu og viðskiptum.

Aðgerðir þessar verði tvíþættar:

1. Sett verði upp kerfi viðskiptafultrúa sem aðstoði íslensk fyrirtæki í þeim löndum sem lengst eru komin í tækni og stjórnun fyrirtækja.
2. Lagðar verði fram áætlanir um að aðstoða íslensk fyrirtæki við að tileinka sér nýjustu aðferðir við framleiðslu, stjórnun og sölu.

Verkefni viðskiptafultrúanna verði fyrst og fremst að aðstoða fyrirtæki og stofnanir við að komast í samvinnu eða samband við vel rekin og nýtiskuleg fyrirtæki erlendis sem eru tilbúin til að selja framleiðsluleyfi, tækni og/eða stjórnunar- og markaðsþekkingu, eða á annan hátt að aðstoða við þróun fyrirtækja á Íslandi.

Viðskiptafultrúarnir verði tengdir sendiráðum Íslands og þeim stofnunum sem veita fyrirtækjum aðstoð.

**Greinargerð.**

Rekstur fyrirtækja í heiminum einkennist nú af því að breytingar og framfarir verða sífellt hraðari, öll viðskipti eru að verða alþjóðlegri og sífellt aukin áhersla er lögð á rannsóknir og vöruþróun. Þrátt fyrir að Ísland liggja mitt á milli stórra markaðssvæða er íslensk atvinnustarfsemi mjög einangruð. Það er jafnframt viðurkennd staðreynd að íslensk fyrirtæki eru flest of smá til að geta staðið undir umfangsmiklu rannsóknar- og þróunarstarfi og ekki hafa stjórnunarlega til að starfa á alþjóðlegum vettvangi. Það er því mikil hætta á að fyrirtækin dragist aftur úr og muni í framtíðinni tapa framleiðslu sinni til sterkari og betur skipulagðra fyrirtækja erlendis.

Ýmislegt hefur á undanförunum árum verið gert til þess að aðstoða fyrirtæki á Íslandi, en það hefur flest verið gert af vanefnum, enda hefur fyrirtækjunum gengið illa að komast út úr þeirri einangrun sem þau hafa búið við. Það er því álit flm. að þörf sé á að leita nýrra leiða ef árangur á að nást.

Framfarir í fyrirtækjum byggjast fyrst og fremst á tæknilegri og stjórnunarlegri þekkingu starfsmanna og því hversu vel starfsmönnum gengur að tileinka sér nýja þekkingu og nýta hana í störfum sínum. Enginn skortur er á upplýsingum og ódýrt og auðvelt er að fá upplýsingar í miklu magni. Kostnaðurinn við að tileinka sér tækni er fyrst og fremst fólgin í því að velja og hafna og sameina upplýsingarnar í kerfi þannig að samspil náist í framleiðslu og sölu. Ráðgjafar og tæknistofnanir gegna mikilvægu hlutverki í þessu efni, en bestur árangur næst þó þegar bein samvinna fyrirtækja tekst og upplýsingarnar eru seldar eða þeim miðlað sem framleiðsluleyfum, sölu- eða þróunarsamningum. Þekkingarmiðlunin verður auk þess að vera mjög markviss ef hún á að koma að gagni. Milligöngu- maðurinn þarf að þekkja mjög vel getu og þarfir fyrirtækjanna sem leita að þekkingu og hafa auk þess góða yfirsýn yfir þá möguleika sem eru fyrir hendi. Markvissasta og fljótlegasta aðferðin er því að koma á sambandi milli íslenskra og erlendra fyrirtækja sem hafa náð bestum árangri og eru tilleidnileg til þess að miðla af tæknilegri og stjórnunarlegri þekkingu sinni.